



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 14/2013

Skráning og notkun lénsins blomatorg.is

I.

Erindið

Með bréfi Blómatorgsins ehf. til Neytendastofu, dags. 11. febrúar 2013, er kvartað yfir skráningu og notkun Smiðsins byggingafélags ehf. á léninu blomatorg.is. Í erindinu segir að nafn lénsins og rekstur þess séu hinn sami og hjá Blómatorginu sem einnig eigi lénið blomatorgid.is. Blomatorg.is sé starfrækt á viðskiptavild Blómatorgsins og sé því til þess fallið að blekkja neytendur. Heitið Blómatorgið tengist úthlutun torgsöluleyfis á horni Birkimels og Hringbrautar árið 1949. Blómatorgið sé með rekstur.

II.

Málsmeðferð

1.

Erindi Blómatorgsins var sent Smiðnum byggingafélagi til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 15. febrúar 2013. Tekið var fram í bréfinu að í erindinu væri ekki vísað til lagagreina en að mati Neytendastofu kæmu 5. gr. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, til álita. Svar Hafsteins Más Mássonar barst með tölvubréfi til Neytendastofu, dags. 19. febrúar 2013. Þar segir að blomatorg.is komi í raun Smiðnum byggingafélagi ekki við. Hafsteinn Már reki hugbúnaðarfyrirtæki og sé þetta ákveðin vara sem fyrirtækið hafi verið að þróa um nokkurt skeið. Blómatorg eða skilgreiningin á því sé sú að þarna sé um net torg að ræða sem selji blóm og ætlunin hafi verið að vera einungis milligönguaðili þeirra sem selji blóm og þar með skapa þetta svokallaða net torg. Hann sjái ekki að Blómatorgið sé með einkaleyfi á nafninu „Blómatorg“ og auk þess reki verslunarmiðstöðin Kringlan Blómatorg Kringlunnar þar sem blóm séu til sölu.



2.

Bréf Hafsteins Más var sent Blómatorginu til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 22. febrúar 2013. Svar Blómatorgsins er dags. 27. febrúar 2013. Þar segir m.a. að Blómatorgið muni ekki semja um neitt sem gæti gefið viðskiptavinum fyrirtækisins villandi skilaboð. Viðskipti hafi verið stunduð með þessu nafni í meira en 60 ár og neytendur eigi skilið að vita hvaðan vara kemur og við hvern þeir eigi viðskipti.

3.

Bréf Blómatorgsins var sent Hafsteini Má til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 27. febrúar 2013. Svar hans er dags. 17. apríl 2013. Þar segir að Blómatorg sé ekki skráð vörumerki. Blóm og torg séu mjög algeng orð og því sé ekki líklegt að unnt sé að fá einkaleyfi á notkun þess.

Þegar komi að .is lénum þá sé reglan sú að „fyrstur kemur fyrstur fær“ nema um sé að ræða skráð vörumerki.

Enginn rekstur sé ennþá á vefnum, en þegar þar að komi muni koma skýrt fram hvaðan blómin komi, hver selji blómin og hver sé rekstraraðili vefsins.

4.

Með bréfi Neytendastofu til málsaðila, dags. 14. maí 2013, var tilkynnt að gagnaöflun væri lokið. Bréfinu fylgdi listi yfir gögn málsins.

III.

Niðurstaða

1.

Mál þetta varðar skráningu og notkun Hafsteins Más Mátssonar á léninu blomatorg.is. Nafn lénsins og reksturinn sé það sama og hjá Blómatorginu sem einnig eigi lénið blomatorgid.is. Blomatorg.is sé starfrækt á viðskiptavild Blómatorgsins og sé því til þess fallið að blekkja neytendur. Blómatorgið hafi verið starfrækt frá árinu 1949 og sé enn með rekstur. Ekki var vísað til lagagreina en Neytendastofa benti á í bréfi sínu, dags. 15. febrúar 2013, að 5. gr. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu gætu komið til álita.

Í svari Hafsteins Más segir að Blómatorg eða skilgreiningin á því sé sú að þarna sé um net torg að ræða sem selji blóm og ætlunin hafi verið að vera einungis milligönguaðili þeirra sem selji blóm og þar með skapa svokallað net torg. Hann sjái ekki að Blómatorgið sé með einkaleyfi á nafninu „Blómatorg“ og auk þess reki verslunarmiðstöðin Kringlan Blómatorg Kringlunnar. Þá



sé Blómatorgið eða Blómatorg ekki skrásett vörumerki og hæpið að slíkt almennt heiti fengist skráð sem einkaleyfi.

2.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 kemur fram að óréttmætir viðskiptahættir séu bannaðir. Bannið gildi áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 er svohljóðandi:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd. Ákvæðið felur í raun í sér tvenns konar reglu þar sem fyrri málslíður 15. gr. a. hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn, vörumerki eða lén, sem annar á en 2. málsl. felur í sér bann við því að nota eigið auðkenni þannig að ruglingshætta skapist við auðkenni annarra. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Af lögskýringargögnum sést glögg að ákvæðið skiptir máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þar kemur einnig fram að í 2. málsl. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti. Þetta ákvæði tekur því til sömu auðkenna og almenna reglan í 1. málsl. en 2. málsl. á við í þeim tilvikum sem báðir málsl. eiga rétt til auðkenna sinna og þarf þá að líta til þess hvort notkun þess sem seinna byrjaði notkun valdi ruglingshættu milli aðila.

Blómatorgið er skráð einkahlutafélag og með skráð lénsheitið blomatorgid.is hjá ISNIC. Smiðurinn byggingafélag er skráð einkahlutafélag og hafði skráð lénsheitið blomatorg.is hjá ISNIC. Í dag er rétthafi lénsheitisins blomatorg.is einkahlutafélagið Íslenska verksmiðjan en bæði fyrirtækið hafa tengiliðinn Hafstein Má Músson. Neytendastofa telur báða aðila hafa skráð auðkenni sín með það til gerðum hætti og eiga rétt til þeirra. Kemur því 2. málslíður 15. gr. a. til álita í máli þessu.



3.

Réttur til vörumerkis getur stofnast annars vegar fyrir skráningu og hins vegar fyrir notkun. Meginreglan er sú að eigandi merkis öðlast einkarétt til nafnsins og er öðrum þar með óheimilt að nota það eða annað nafn sem líkist því svo mikið að ruglingshætta skapist. Við mat á ruglingshættu er litið til þess hvort málsaðilar séu í samkeppni og hvort þeir séu á sama markaðssvæði. Til þess að njóta einkaréttar verður vörumerkið að vera þess eðlis að það geti aðgreint eiganda vörumerkis málsaðila eða vöru hans eða þjónustu frá keppinautum og takmarkast verndin því við að vörumerkið sé ekki almennt orð og lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem málsaðili og keppinautar hans bjóða.

Ef lén eða heiti er einungis lýsandi fyrir þá starfsemi sem viðkomandi hefur á boðstólum, en hefur ekki einhver tiltekin sérkenni til aðgreiningar frá öðrum, hefur viðkomandi ekki verið talinn njóta verndar gegn því að annar aðili taki upp áþekk lén eða heiti til kynningar á starfsemi sinni.

Ljóst er að málsaðilar eru að hluta til í samkeppni á sama markaði. Er því augljós ruglingshætta á milli fyrirtækjanna. Engu að síður þá getur Blómatorgið ekki notið einkaréttar á orðinu Blómatorg með eða án greinis í eintölu eða fleirtölu eða annars konar útfærslum á orðinu þar sem orðið eru að mati Neytendastofu almennt og lýsandi fyrir þá starfsemi sem málsaðilar stunda, þ.e. að selja blóm og hafa milligöngu um sölu þeirra. Heitið hefur ekki að geyma sérkenni. Blómatorgið á ekki skráð vörumerki hjá Einkaleyfastofu og hefur að mati Neytendastofu ekki sýnt fram á að fyrirtækið hafi myndað einkaréttar til orðsins fyrir notkun.

Samkvæmt framansögðu er það mat Neytendastofu að skráning og notkun Hafsteins Más á léninu blomatorg.is sé ekki brot gegn ákvæði 2. málsl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005, sbr. 5. gr. sömu laga.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til aðgerða af hálfu Neytendastofu í máli þessu.“

Neytendastofa, 18. júní 2013

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Sigurjón Heiðarsson